

**Nd.** **87. Frumvarp til laga** [80. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson,  
Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Aftan við fyrri málsg. 66. gr. laganna komi nýr tölul. er hljóði svo:

Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Markmið þessa frumvarps er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóri veiti sérstaka skattviltun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þeim sökum.

Á 105. löggjafarþingi var flutt samhljóða frumvarp sem felld var við 2. umr. í fyrri deild. Heilbrigðis- og trygginganefnd Nd., sem fjallað hafði um málið, mælti með samþykkt frumvarpsins. Ljóst er af ummælum þingmanna við afgreiðslu þess máls að afstaða margra þeirra, sem atkvæði greiddu gegn frumvarpinu, byggðist á því að þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði upplýst í umræðum að ríkisstjórnin hygðist breyta reglugerð um almannatryggingar á þann veg að greidd yrðu 20% af tannlækniskostnaði fyrir alla þá sem almannatryggingar höfðu ekki áður greitt fyrir. Fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gaf síðan út reglugerð 11. apríl 1983 sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði fyrir þessa hópa og skyldi hún koma til framkvæmda 1. júní 1983. Með reglugerð, dags. 31. maí 1983, var síðan sú reglugerð numin úr gildi af núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og komst því aldrei til framkvæmda. Ástæðan var sú, samkv. upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að ekki væri til fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem af reglugerð þessari leiddi.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1984 gefur vart tilefni til að ætla að ríkisstjórnin telji sig frekar nú hafa fjárhagslegt svigrúm til að auka þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði en þegar reglugerðin var numin úr gildi 31. maí s. l. Því er þess nú freistað að leggja þetta mál fram á nýjan leik, einkum og sér í lagi þar sem afstaða margra þingmanna á síðasta löggjafarþingi til samhljóða frumvarps byggðist á því að önnur skipan þessara mála væri fyrirhuguð fljótlega, — sem ekki hefur þó orðið af.

Þegar frumvarp sama efnis var lagt fram á 105. löggjafarþingi var það gagnrýnt að frumvarpið næði ekki til þeirra, sem greiða tekjuskatt, og því ekki til lægst launuðu hópanna. Flutningsmenn telja að úr þessu mætti bæta ef ónýttur persónuafsláttur yrði borgaður út líkt og á sér stað um barnabætur, en á 105. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþfl. frv. um það efni (53. mál). Einnig má benda á að jafnvel þó að sú skipan kæmist á að aukin yrði þátttaka almannatrygginga í tannlækniskostnaði, t. d. um 25%, þá er eðlilegt að þetta ákvæði væri einnig í skattalögunum og því beitt þegar um veruleg útgjöld vegna tannlækninga væri að ræða, eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Það er alkunna að meiri háttar tannviðgerðir geta kostað tugi þúsunda eða margföld verkamannalaun. Sambærileg ákvæði eru í 66. gr. laganna þar sem bæði er greitt af sjúkratryggingum almannatrygginga auk þess sem um er að ræða skattviltunir af sama tilefni. Í þessu sambandi má t. d. benda á 1. tl. 66. gr., en þar segir að skattstjóri hafi heimild til að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega vegna ellihörleika, veikinda, slysa eða mannláts.

Kostnaðarviðmiðun tannlæknisreikninga gæti verið rýmri meðan þátttaka almanna-trygginga er ekki fyrir hendi, en mætti þrengja þegar og ef til þess kemur að almannatryggingar tækju frekar þátt í tannlækniskostnaði.

Samkv. 66. gr. skattalaganna er það skattstjóri sem tekur ákvörðun um skilyrði fyrir ívilnun samkv. ákvæðum þeirrar greinar og sú tilhögun yrði einnig á framkvæmd þess ákvæðis sem hér um ræðir.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi með samhljóða frumvarpi á 105. löggjafarþingi:  
„Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði er heimila skattstjórum að lækka tekjustofn ef skattaðilar verða fyrir þungum búsigjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum.

Til þess að skattalög teljist sanngjörn og réttlát er eðlilegt að þau búi yfir sveigjanleika til þess að mæta óvæntum atvikum og áföllum sem skerða gjaldþol skattaðila.

Þau ákvæði skattalaganna, sem nú heimila skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol skattaðila skerðist verulega, eru eftirfarandi:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og móttæknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum [sbr. lög nr. 21/1983].

Markmið þessa frumvarps er að rýmka þann sveigjanleika er býr í 66. gr. skattalaganna.

Enginn ræðst í meiri háttar tannviðgerðir nema af brýnni nauðsyn vegna hins óheyrilega kostnaðar sem því fylgir. Oft fresta menn brýnum tannviðgerðum lengur en lengstu lög leyfa vegna þessa kostnaðar.

Meiri háttar tannviðgerðir, svo sem gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og gervigómur, kosta nú oft tugi þúsunda eða jafnvirði margra mánaðarlauna. Er ekki óalgengt að upphæðir þessar séu á bilinu 40—80 þúsund krónur. Skert gjaldþol af þessari stærðargráðu verður að teljast verulegt og það jafnvel þótt um lægri upphæðir væri að ræða.

Almennt er ekki um greiðslufrest að ræða á þessum kostnaði. Því er sjaldnast um aðra möguleika að ræða hjá launafólki en að taka verðtryggð lán í þessu skyni.

Gera má ráð fyrir að gjaldþol skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaganna heimila nú ívilnun á.

Um 1. gr.

Til skýringar skal þess getið, að samkvæmt 66. gr. skattalaganna setur ríkisskattstjóri ákvæði um skilyrði fyrir ívilnunum á þeim ákvæðum sem upp eru talin í þeirri grein.

Þess vegna þarf ekki að ákveða í greininni hvað felst í hugtakinu veruleg skerðing gjaldþols.““